

Í tilefnisflokkinn **„Lífsstílsþættir“** eru skráð þau samskipti við nemendur/forráðamenn vegna vandamála er tengjast lífsstíl fyrir utan HV tengd holdafari, en þau eru skráð í tilefnisflokkinum „Skimanir og mælingar“.

Almennt er ekki ætlast til að skráð séu samskipti vegna lífsstílsviðtals þar sem ákveðin fræðsla og samtal er hluti af viðtalinu. Einungis á að skrá samskipti eftir lífsstílsmat **EF SHS*** ætlar að vinna áfram með nemandanum að vandamálinu eða telur mikilvægt að upplýsingar vegna vandamálsins komi fram í sjúkraskrá nemandans.

Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefnum:

Skilgreining er gefin við hvert HV í eftirfarandi töflu og einnig eru taldar upp þær HM sem eiga helst við. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að „afhaka“ hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á.

Hjúkrunarviðf.efni (HV)	Skilgreining	Hjúkrunarmeðferð (HM)
<input type="checkbox"/> Fyrirspurn	Samskipti við nemanda/ forráðamann vegna fyrirspurnar þeirra um heilsu og lífsstíl. Ekki þarf að skrá spurningar sem koma fram í lífsstílsmati, þær eru hluti af viðtalinu og afgreiddar þar.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir
Heilsuhegðun <input type="checkbox"/> Hreinlæti <input type="checkbox"/> Hreyfing <input type="checkbox"/> Næring <input type="checkbox"/> Svefn	Samskipti við nemanda/ forráðamann vegna atferlis, venja eða hegðunar tengdri heilsuhegðun nemanda.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Reglubundin ráðgjöf

<p>Heilsutengd áhættu- hegðun</p> <p><input type="checkbox"/> Áfengi</p> <p><input type="checkbox"/> Fíkniefni</p> <p><input type="checkbox"/> Munntóbak</p> <p><input type="checkbox"/> Rafrettur</p> <p><input type="checkbox"/> Reykingar</p> <p><input type="checkbox"/> Sniff</p> <p><input type="checkbox"/> Tölvu/Spilafíkn</p> <p><input type="checkbox"/> Annað, hvað _____</p>	<p>a) Nemandi gerir sér ekki grein fyrir afleiðingum hegðunar sem hann stundar eða vill ekki hætta hegðun sem getur skaðað heilsu hans.</p> <p>b) Nemandi/forráðamaður óskar eftir aðstoð SHS* til að vinna á áhættuhegðun nemanda.</p>	<p><input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Meðferðaráætlun</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Reglubundin ráðgjöf</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Eftirfylgd</p> <p><input type="checkbox"/> Lyfjaleit í þvagi</p> <p><input type="checkbox"/> Fræðsla til skólasamfélags</p> <p><input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann</p> <p><input type="checkbox"/> Stuðningur við fjölskyldu</p> <p><input type="checkbox"/> Tilvísun til barnaverndarnefndar</p> <p><input type="checkbox"/> Tilvísun til nemendaverndarráðs</p> <p><input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis</p> <p><input type="checkbox"/> Skráning</p> <p><input type="checkbox"/> Þátttaka á þverfaglegum fundum</p>
<p><input type="checkbox"/> Kynhegðun</p>	<p>Samskipti við nemanda/forráðamann vegna kynhegðunar</p>	<p><input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir</p> <p><input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann</p> <p><input type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð</p>
<p><input type="checkbox"/> Sjálfsmýndin</p>	<p>a) Nemandi sem hefur neikvæða tilfinningu um líkama sinn.</p> <p>b) Nemandi sem hefur áhuga á að styrkja sjálfsmýnd sína enn frekar.</p> <p>c) Samskipti við forráðamann vegna sjálfsmýndar barns þess.</p> <p>Sjálfsmýnd barna – Heilsuvera</p> <p>Sjálfsmýnd ungmenna - Heilsuvera</p>	<p><input checked="" type="checkbox"/> Meðferðaráætlun</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Reglubundin ráðgjöf</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Sjálfsmýnd eflid</p> <p><input type="checkbox"/> Eftirfylgd</p> <p><input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann</p>
<p><input type="checkbox"/> Skólasókn</p>	<p>Samskipti vegna frávika í mætingu nemandans í skólann.</p>	<p><input checked="" type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir</p>
<p><input type="checkbox"/> Annað <input type="text"/></p>	<p>Möguleiki að skrá inn nýtt HV ef ekki er hægt að nota nein af ofantöldu.</p>	

*SHS = Starfsfólk í heilsuvernd skólabarna